

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps 2011.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,30% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, þó að hámarki 60 þúsund krónur og að lágmarki 25 þúsund krónur.

Vatnsgjald atvinnuhúsnaðis skal vera 0,15% af fasteignamati þó að lágmarki 70 þúsund krónur. Vatnsgjald sumarhúsa skal vera 25.700 krónur.

2. gr.

Lágmarksheimæðagjald vatnsveitu í þéttbýlinu við Flúðir er kr. 191.662 m.v. 25 mm þvermál rörs og allt að 25 metra lengd heimæðar. Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út af starfsmönnum veitunnar. Miða skal við að lengd heimæðar fari ekki yfir 25 m. Ef lengd heimæðar er umfram 25 m greiðist viðbótargjald.

Heimæðargjaldið hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

Þvermál rörs	Verð	Verð á metra umfram 25 m
25 mm	191.662	3.223
32 mm	258.545	3.335
40 mm	336.097	4.740
50 mm	453.744	5.252
63 mm	635.219	5.841
70 mm	921.067	6.535

3. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt gjald, notkunargjald. Notkunargjald skal notandi að jafnaði greiða samkvæmt notkun vatns mældri í rúmmetrum. Notkunargjald er 24 kr./m³.

Fyrir rennismæla skal greidd mælaleiga á ári eftir stærð mælis:

15 mm	7.608 kr.
20 mm	7.748 kr.
25 mm	9.973 kr.
32 mm	11.167 kr.
50 mm	16.444 kr.
80 mm	43.041 kr.

4. gr.

Stofngjöld utan þéttbýlis skal reikna sérstaklega og miðast við að þau standi undir þeim kostnaði sem af verkinu hlýst. Landeigandi greiðir þann kostnað sem hlýst af tengingu kalds vatns inn á svæðið eða að býli.

Að auki skal landeigandi greiða kr. 25.750 á skipulagða lóð og lögbýli skal greiða 123.650 kr.

Við upphaf verksins skal greiða 65% af kostnaðaráætlun verksins og 35% greiðist þegar lagningu er lokið.

5. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

6. gr.

Heimæðagjald miðast við byggingarvísitölu og uppfærist á hverju ári. Byggingarvísitala í desember 2010 er 505,3 stig.

7. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af veitustjórn Hrunamannahrepps þann 29. nóvember 2010 og hreppsnefnd Hrunamannahrepps þann 2. desember 2010 í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu og þá fellur úr gildi gjaldskrá vatnsveitu sem hreppsnefnd Hrunamannahrepps samþykkti þann 17. desember 2009.

Hrunamannahreppi, 2. desember 2010.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2010